

Nd.

130. Nefndarátt

um frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Borðeyri í Strandasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er frv. þessu mótfallin af þeirri ástæðu, að hún vill engan veginn viðurkenna, að það sje óhugsandi, að Borðeyrarkauptún »eigi fyrir sjer nokkurn vöxt eða frekari framfarir, sem nokkru máli geti skift í þessu efni«, svo sem sagt er í greinargerð fyrir frv.

Við Borðeyri er ágæt höfn, og það er sú höfn við Norðurland, sem liggur næst öllum suðvesturhluta landsins. Áður fyr var verslun sótt til Borðeyrar af stóru svæði á Norðurlandi, Vesturlandi og Suðurlandi, en á þessu hefir breyting orðið vegna breyttra samgöngutækja. Nefndinni þykir ekki ólíklegt, að þetta kauptún eigi vöxt fyrir sjer, hve nær sem bætt samgöngutæki fást milli Norðurlands annars vegar og Suður- og Vesturlands hins vegar. En fari svo, að kauptúnið vaxi, kemur á sínum tíma fram þörf fyrir að fá landsnytjar jarðarinnar handa íbúum kauptúnsins, og verður auðveldast að fullnægja þeirri þörf, ef jörðin er þá enn í eigu landssjóðs. Þess vegna þykir nefndinni ekki rjett, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 22. mars 1922.

St. Stefánsson,
forn.

Einar Þorgilsson.

Jón Þorláksson,
fundaskrif. og frsm.

Gunnar Sigurðsson.

Björn Hallsson.